



## Búðahreppur, Fáskrúðsfirði

Hafnargötu 12 · 750 Fáskrúðsfjörður

☎ 475 1220 · Fax 475 1327

Fáskrúðsfirði, 24/4 2001.

Félagsmálanefnd Alþingis  
B/t Hildar Njarðvík ritara.  
150 Alþingi.

*Alþingi*  
*Erindi nr. P 126/2085*  
*komudagur 26. 4. 2001*

### Umsögn vegna frumvarps til barnaverndarlaga.

Að beiðni yðar hefur félagsmálanefnd Búða- Stöðvar- Fáskrúðsfjarðar- og Breiðdalshrepps kynnt sér eftir föngum nýtt frumvarp til banaverndarlaga, 572 mál, og þó einkum helstu nýjungar frumvarpsins og ræddi um það á fundi sínum 10. apríl síðastliðinn.


Nefndin er almennt jákvæð gagnvart frumvarpinu og helstu nýmælum þess. Þó vill nefndin m. a. benda á, að stækkun barnaverndarumdæma á þann veg að íbúar á svæði hveirrar barnaverndarnefndar verði ekki undir 1500 íbúum sbr.10.gr. frumvarpsins, geta sums staðar á landsbyggðinni valdið mjög auknum kostnaði vegna aksturs, þar sem umdæmin verða óhjákvæmilega víða mjög víðlend, ef marki um 1500 íbúa lágmark á að nást. Verður því kostnaður vegna barnaverndar væntanlega tiltölulega hærri af þessum sökum pr. íbúa í víðlendum landsbyggðarumdæmum samanborið við barnaverndarumdæmi í þéttbýli, þar sem umdæmið nær t. d. yfir einn kaupstað.

Fyrirsjáanlegt er að Félagsmálanefnd Búða- Stöðvar- Fáskrúðsfjarðar- og Breiðdalshrepps, sem farið hefur með hlutverk barnaverndarnefndar í nefndum sveitarfélögum, vantar nokkuð upp á að hafa nægan íbúafjölda á bakvið sig miðað við tillögur frumvarpsins. Sama má segja um Barnaverndarnefnd Djúpavogs (Félagsmálaráð Djúpavogs). Virðist því trúlegt að þessar nefndir yrðu að sameinast, ef frumvarpið verður að lögum. Yrði þá umdæmið allvíðlent og talsvert á annað hundrað kílómetrar frá enda til enda eða frá Fáskrúðsfirði og suður í Álftafjörð og Hamarsfjörð.

Þá má einnig benda á að þar sem fleiri sjálfstæð sveitarfélög standa saman um barnaverndarnefnd gæti það orðið nokkuð þungt í vöfum, að hver sveitarstjórn fyrir sig ætti að gera framkvæmdaáætlun á sviði barnaverndar fyrir hvert kjörtímabil, sbr 9. gr. frumvarpsins, og yrðu sveitarstjórnirnar síðan að samræma þessar framkvæmdaáætlanir sín á milli ( í tilfelli Suðurfjarða væntanlega 5 sveitarfélög, ef ekki verður um sameiningu sveitarfélaga þar að ræða á næstu misserum eða árum). Eitt mesta nýmæli frumvarpsins er án efa tillaga um að fela dómstólum úrskurðarvald í barnverndarmálum, sem væntanlega mun oft létta af barnaverndarnefndum erfiðum ákvörðunum. Mikilvægt er að þessi breyting gangi vel og að sérþekking á þessu sviði verði notuð t.d. með tilkvaðningu sérfróðra meðdómsmanna.

F. h. félagsmálanefndar Búða- Stöðvar-  
Fáskrúðsfjarðar- og Breiðdalshrepps.

Virðingarfyllst,

  
Guðgeir Ingvarsson félagsmálast.